



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 9. desember 2024

MIR24080014

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við menningarnótt

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þann 30. ágúst 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um kostnað við menningarnótt:

Óskað er eftir sundurliðaðri greinargerð um kostnað Reykjavíkurborgar vegna menningarnætur undanfarin þrjú ár, 2022-24. Þar verði m.a. yfirlit um aðkeypta þjónustu vegna viðburðarins með sundurliðuðum upplýsingum um aðila og upphæðir.

Fyrirspurninni var vísað til borgarráðs sem vísaði áfram til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Svar:

Kostnaður Reykjavíkurborgar við Menningarnótt á árunum 2022-2024 var 143,5 m.kr., sbr. hjálagt yfirlit yfir sundurliðaðan kostnað Menningarnætur árin 2022-2024. Framlag Reykjavíkurborgar var 131,5 m.kr. en Landsbankinn hefur styrkt hátíðina um 4 m.kr. á ári undanfarin ár, eða alls 12 m.kr. á árunum 2022-2024.

Helstu kostnaðarliðir Reykjavíkurborgar eru vinna starfsfólks hverfamiðstöðvar vestur á Fiskislóð og aðkeypt þjónusta hverfamiðstöðvar. Þar er átt við þjónustu í tengslum við götulokanir, hreinsun borgarlandsins, leiga á tækjum og almennur undurbúningur og frágangur hátíðarinnar. Helstu kostnaðarliðir viðburðateymis er flugeldasýning, markaðs- og kynningarmál, greiðsla til listafólks og viðburðahaldara og öryggismál við svið á Arnarhóli. Inn í þessari samantekt er ekki launakostnaður þess starfsfólks sem vinna verkefni í tengslum við Menningarnótt þar sem um er að ræða hluta af þeirra daglegu/árlegu störfum, s.s. starfsfólk viðburðateymis, samskiptadeildar, afnotaleyfa og eftirlits, landupplýsinga og hverfamiðstöðvar vestur.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Yfirlit yfir sundurliðaðan kostnað Menningarnætur árin 2022-2024, ódags.

Fundargerð fundar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs frá 30. ágúst 2024, sjá bókun við lið 13.



Reykjavík

Menningarnótt

2022

SBB - Tekjur - styrkur frá Landsbankanum	-	4.000.000
USK - Hverfastöð - Annar rekstrarkostnaður / aðkeypt þjónusta		10.269.000
USK - Hverfastöð - Milliviðskipti / vinna starfsfólks Hverfastöðvar		11.524.000
SBB - Framlag viðburðateymis		14.150.805
MOF - aukaakstur Strætó		1.750.500
	Alls 2022	33.694.305

2023

SBB - Tekjur - styrkur frá Landsbankanum	-	4.000.000
USK - Hverfastöð - Annar rekstrarkostnaður / aðkeypt þjónusta		22.650.000
USK - Hverfastöð - Milliviðskipti / vinna starfsfólks Hverfastöðvar		14.238.000
SBB - Framlag viðburðateymis		13.188.444
	Alls 2023	46.076.444

2024

SBB - Tekjur - styrkur frá Landsbankanum	-	4.000.000
USK - Hverfastöð - Annar rekstrarkostnaður / aðkeypt þjónusta		19.494.000
USK - Hverfastöð - Milliviðskipti / vinna starfsfólks Hverfastöðvar		18.056.000
SBB - Framlag viðburðateymis		16.449.642
SBB - Aukaakstur Strætó		1.800.000
	Alls 2024	51.799.642

Heildarsumma		131.570.391
---------------------	--	--------------------

Alls kostnaður		143.571.391
Styrkur Landsbankans	-	12.000.000
		131.571.391

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2024, föstudaginn 30. ágúst var haldinn 117. fundur menningar-, ípróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Hofi og hófst kl. 09:05. Viðstödd voru: Skúli Helgason formaður, Pawel Bartoszek, Sabine Leskopf, Birna Hafstein varamaður fyrir Ragnhildi Óldu Vilhjálmsdóttur, Kristinn Jón Ólafsson og Kjartan Magnússon. Jafnframt: Jóna Hlíf Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi BÍL. Stefán Pálsson tók sæti á fundinum með rafrænum hætti. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Eiríkur Björn Björgvinsson, Steinþór Einarsson, Andrés B. Andreasen, Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir og Helga Björnsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram drög að starfsáætlun MÍT 2024/2025 MIR24080005
- Lagt fram erindisbréf um skipan stýrihóps um framtíðarsýn fyrir Viðey – . MIR24080006 Samþykkt með þeim breytingum að 2 fulltrúar meirihluta og 2 fulltrúar minnihluta sitji í stýrihópnum. Samþykkt að Skúli Helgason, Sabine Leskopf, Kjartan Magnússon og Stefán Pálsson sitji í stýrihópnum.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Viðey er friðsæl náttúruperla í hjarta borgarinnar sem hefur að geyma mikilvægar sögulegar minjar um mannlíf og atvinnulíf í höfuðborginni, sögufrægar byggingar sem risu á 18. öld: Viðeyjarstofa, sem er elsta hús Reykjavíkur, Viðeyjarkirkja, næst elsta steinkirkja landsins og útilistaverk með alþjóðlega skírskotun eins og Friðarsúla Yoko Ono og umhverfislistaverk Richard Serra, Áfangar að ógleymdri fagurri náttúru. Með þessari tillögu er ýtt úr vör nýrri stefnumótun fyrir Viðey þar sem greind verða helstu sóknarfæri til framtíðar. Stýrihópur fjögurra fulltrúa úr ráðinu auk embættismanna borgarinnar mun rýna og vinna úr fyrirbyggjandi skýrslum fyrri starfshópa auk þess að móta tillögur um ný verkefni og áherslur í eygni. Stýrihópurinn mun starfa til næsta vors og er áætlað að hann leggi fram tillögur og niðurstöður fyrir 30. júní 2025.

- Lagt fram minnisblað safnstjóra Listasafns Reykjavíkur dags. 22. ágúst 2024 um viðhaldsframkvæmdir á Friðarsúlu Yoko Ono. MIR24080007

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið fagnaðarefni að samkomulag hefur náðst um að ráðast í mikilvægar endurbætur á Friðarsúlunni í Viðey sem er mikilvægt tákni í borgarlandinu um mikilvægi friðar í heiminum en sá boðskapur á erindi við heimsbyggðina nú sem aldrei fyrr. Friðarsúlan er útilistaverk Yoko Ono sem opinberað var 2007 og verður hún tendruð í átjándá sinn á afmælisdegi Lennons 9. október. Endurbæturnar fela í sér að friðarsúlan mun skína bjartar og skærar en áður enda verður búið að skipta út ljósum, gera endurbætur og uppfærslur á tæknibúnaði og laga óskabrunninn sem ljóssúlan rís upp úr. Verkefnið mun kosta um 33 milljónir og mun verða fjármagnað af sömu aðilum og stóðu straum af hinni upphaflegu framkvæmd, þ.e. Reykjavíkurborg, Orkuveitu Reykjavíkur og sjóði Yoko Ono.

- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 26. júní 2024 þar sem vísað er til meðferðar menningar-, ípróttá- og tómsundaráðs erindi kennara í Hlíðaskóla dags. 11. júní 2024 varðandi sumarlokanir bókasafna. MSS24020018.

Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstri grænna tekur undir margar þær ábendingar sem fram koma í bréfi kennara í Hlíðaskóla varðandi sumarlokanir bókasafna. Líta ber svo á að lokanirnar á liðnu sumri hafi verið tímabundin ráðstöfun í sparnaðarskyni og að ekki verði litið svo á að þær verði sjálfkrafa endurteknar að ári nema þá að mjög vel athuguðu máli.

5. Lögð fram dagskrá höfuðborgarráðstefnu norrænna menningar- og íþróttaráða 23.-26. september 2024 í Reykjavík.
6. Taste of Iceland í Seattle 2024 – MIR24080009
7. Lögð fram drög að samþykkt MÍT. MIR24080008
8. Fram fer umræða um fjárhagsáætlun 2025. MIR24050007
 - kl. 10:47 vikur Birna Hafstein af fundi.
 - kl. 10:49 tekur Friðjón R Friðjónsson sæti á fundinum.
9. Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sbr. 55. lið fundargerðar borgarráðs frá 27.júní 2024 um kostnað við árskort eldri borgara MSS24060119.

Tillagan er felld með 4 atkvæðum meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er felld þar sem gjaldið fyrir árskortinu er þegar á hagstæðara verði en dæmi eru um í öðrum sveitarfélögum þar sem slíkt kort er til sölu.

10. Lagt er til að tekið verði á dagskrá með afbrigðum umræður um opinn fund ráðsins.
 - kl. 11:18 vikur Jóna Hlíf Halldórsdóttir af fundi.
11. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Menningar-, íþrótt og tómstundaráð Reykjavíkur beinir því til Listasafns Reykjavíkur að efnt verði til sýninga á færeyskri og grænlandskri myndlist. Um gæti verið að ræða sýningar á nútímalist eða yfirlitsýning sigildra verka. Færeyingar og Grænlandingar búa að ríkri myndlistarhefð og nútímalist beggja þjóða er blómleg. Sýningarhaldið verði hluti af vestnorræna höfuðborgarsamstarfinu og eftir atvikum í samvinnu við listasöfnin í Nuuk og Þórshöfn. MIR24080012

Frestað.

12. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir greinargerð um fyrirkomulag íþróttastrætós, ferðapjónustu íþróttafélaganna í Reykjavík. Hvaða íþróttafélög veita slíka þjónustu og hvernig er staðið að henni? Hvernig er fyrirkomulag fjárstuðnings Reykjavíkurborgar við verkefnið og hvaða kostnað bera íþróttafélögin vegna þess? Hafa nýlega orðið breytingar á umræddri þjónustu, annað hvort til aukningar eða samdráttar? MIR24080013

13. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir sundurliðaðri greinargerð um kostnað Reykjavíkurborgar vegna menningarnætur undanfarin þrjú ár, 2022-24. Þar verði m.a. yfirlit um aðkeypta þjónustu vegna viðburðarins með sundurliðuðum upplýsingum um aðila og upphæðir. MIR24080014

Vísað til borgarráðs.

Fundi slitið kl. 11.30

Skúli Helgason

Sabine Leskopf
Pawel Bartozek
Friðjón R Friðjónsson

Kristinn Jón Ólafsson
Kjartan Magnússon
Stefán Pálsson